



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Rauðhóll

Starfsáætlun 2023 – 2024



Vinátta- Virðing- Velliðan

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

1 Innihald

Leiðarljós leikskólans	4
2 Greinargerð starfandi leikskólastjóra	4
3 Greinargerð verkefnastjóra	5
4 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023	8
4.1.1 Ytra mat - viðhorfskönnun starfsfólks á vegum SFS árið 2022	14
4.1.2 Stofnun ársins 2022, - allar stofnanir innan Reykjavíkurborgar. Könnun var gerð í mars 2023 á vegum Sameyki og SFS.....	14
4.1.3 Niðurstöður könnunar um menntastefnu Reykjavíkurborgar.....	16
4.2 Innra mat hvernar deildar fyrir sig skólaárið 2022-2023	22
4.2.1 Gula deild börn fædd 2020-2022	22
4.2.2 Bláa deild börn fædd 2020-2022	23
4.2.3 Græna deild börn fædd 2019-2020.....	24
4.2.4 Rauða deild börn fædd 2019-2020.....	24
4.2.5 Ævintýrahóll börn fædd 2018.....	27
4.2.6 Ævintýralundur börn fædd 2019	29
4.2.7 Ævintýradalur börn fædd 2017 og 2018	30
4.2.8 Ævintýraland börn fædd 2017.....	31
4.2.9 Björnslundur innra mat 2022-2023	33
4.3 Innra mat sérkennslu.....	34
4.4 Innra mat – fjöltýngd börn	35
4.4.2 Leiðsagnakennarar - endurmat veturinn 2022 – 2023.....	37
5 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	38
5.1 Skólaárið 2022-2023.....	38
6 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	41
7 Foreldrasamvinna.....	42
7.1 Foreldrafélag skólaárið 2022 – 2023	42
7.2 Foreldraráð skólaárið 2022-2024	42



8	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	44
9	Fylgigögn.....	45
9.1	Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	45



Leiðarljós leikskólans

Að börn og starfsfólk fá tækifæri til að nýta eigin styrkleika og

blómstra þannig í leik og starfi

2 Greinargerð starfandi leikskólastjóra

Starfið á Rauðhóli litaðist mikið af brotthvarfi Guðrúnar Sólveigar leikskólastjóra frá mars 2022. Upphaflega var gert ráð fyrir að Guðrún væri frá störfum í u.þ.b. í þrjá mánuði sem urðu síðan að 13 mánuðum. Undirrituð tók við starfi Guðrúnar og Elín Guðrún sem hafði verið verkefnastjóri og 50% aðstoðarleikskólastjóri tók við mínu starfi. Það var erfitt að feta í fótspor Guðrúnar og hálfri stöðu færri í stjórnendateyminu þar sem það tók því ekki að þjálfu upp starfsmann í starfið til þriggja mánaða. Það var því ekki fyrr en í júlí, þegar við fengum að vita að ekki væri von á Guðrúnu næstu mánuði, að við fengum Dagbjörtu til liðs við okkur. Elín Guðrún fór síðan til annarra starfa 1. mars og við Dagbjört vorum tvær þar til apríl 2023.

Í byrjun sumars kom í ljós mygla á einni deild leikskólans og ákveðið var að vinna í henni í sumarlokuninni. Eftir samtalið við þann aðila frá verfræðistofunni Mannvit, sem sá um greininguna, þá var ákveðið að allur skólinn skildi meðhöndlaður í þrifum eins og mygla væri útbreidd. Ásdís Olga var sú eina sem setti sig í samband við mig vegna þessa en eftir að hún fór í frí var ég ein á báti varðandi þrifin á skólanum. Ég fékk einn starfsmann til liðs við mig og saman vorum við þrjár vikur að tæma allar deildir og þrifa allt sem tilheyrði þeim. Framkvæmdir á deildinni töfðust og okkur sagt að þeim lyki viku eftir opnun og við ákváðum út frá þeim upplýsingum að fresta ekki aðlögun og nýttum kaffistofu starfsmanna sem deild. Verkið dróst og deildin var fjórar vikur á kaffistofunni. Framkvæmdir á eldhúsi Ævintýra héldu áfram í vetur og standa enn yfir með tilheyrandi óþægindum sem slíkar framkvæmdir hafa í för með sér. Nokkuð hefur þrengst um starfsemina þar sem „móttökueldhúsið“ er staðsett þar.

Mikil veikindi settu einnig mikinn svip á veturinn og það starfsfólk sem var í vinnu hverju sinni vann undir gríðarlegu álagi til þess að þurfa ekki að senda börn heim. Stjórnendur voru meira eða minna inni á deildum og okkar starf var ýmist unnið fyrir opnun eða eftir lokun leikskólans. Eftir á að hyggja var þessi keyrsla á starfsfólki ekki boðleg.

Í nóvember fékk Rauðhóll Íslensku Menntaverðlaunin fyrir framúrskarandi leikskólastarf. Það var mikil viðurkenning á starfi okkar og varð til þess að gleðja starfsfólk mikið og fylla það stolti. Á vordögum kom Guðrún Sólveig til baka og var það mikill léttir og gleði. Í apríl fórum við í námsferð til Porto í Portúgal sem gerði mikið fyrir starfsmannahópinn og mikil stemning í kringum hana með alls kyns uppákomum sem starfsfólk skipulagði. Niðurstaða ferðarinnar var þakklæti fyrir hvað Íslenskt menntakerfi er komið langt í leikskólamálu



miðað við Portúgal. Við tókum samt flest eftir hvað Portúgölsku börnin virtust agaðri en þau íslensku.

Þrátt fyrir krefjandi vetur tókst starfsfólkinu að halda að mestu í gleðina og má segja að Rauðhóll sé einstaklega heppinn með starfsmannahóp.

3 Greinargerð verkefnastjóra

Fyrrum verkefnastjóri, Elín Guðrún Pálsdóttir, fór alfarið í stöðu aðstoðarleikskólastjóra. Var undirrituð því ein í að halda utan um verkefni sem lúta að eflingu fagstarfs og umbótum (30% stöðugildi, þar af leiðsagnarkennsla 10%) ásamt því að sinna leiðsagnarkennslu með Kristínu Þóru Helgadóttur. Leiðsagnarkennslan var innleidd síðasta haust og mun halda áfram næsta vetur. Hlutverk leiðsagnarkennara er að vera faglegur leiðtogi í lærdómssamfélagi Rauðhóls fyrir starfsfólk og nema. Leiðsagnarkennari hefur fasta viðveru og getur tekið á móti einstaklingum eða hópum í viðtöl. Hugmyndin er að setjast niður með fólki og eiga samtál um líðan á leikskólanum, námsþættina, upplýsingagjöf um hvar megi finna lesefni um námsþættina, efnivið, félagslegt starf Rauðhóls og fleira.

Leikskólinn Rauðhóll hlaut íslensku menntaverðlaunin árið 2022 og var það mikill heiður og viðurkenning á kraftmiklu og metnaðarfullu þróunarstarfi á síðustu árum. Hins vegar settu mikil veikindaforföll og fjarvera starfsfólks mark sitt á faglegt starf liðins vetrar og var undirrituð þó nokkuð í afleysingum. Mannekla kom niður á nánast allri teymisvinnu fyrir utan Regnbogateymis sem hittist reglulega.

Lagt var upp með að faglegar áherslur vetrarins 2022-2023 yrðu:



Faglegar áherslur vetrarins 2022-2023

- **Björnslundur** (A-styrkur Menntastefnu Rvk. og rannsóknarstyrkur Kí - Edda Lydíá)
- **Einingakubbar og læsi** (Sprotasjóður- skýrslugerð haust 2022)
- **Fjöltyngi** (Innleiðing hæfniramma á öllum deildum)
- **Regnbogavottun** (Útbúa aðgerðaáætlun fyrir Rauðhól)
- **Læsi** (Útbúa læsisáætlun)
- **Nám og þroski** (Útbúin verða viðmið um mat og nám á velferð barna út frá stefnu Rauðhóls)



Edda Lydia Þorsteinsdóttir, deildarstjóri í Björnslundi, byrjaði á rannsókn sinni um lærdómssamfélag í útikennslu eftir árstíðum í Björnslundi og mun halda áfram næsta vetur en mannekla setti strik í reikninginn. A-styrkur Menntastefnu fór í að byggja skýli í Björnslundi sem hugsað er fyrir verkefnavinnu og lauk þeirri byggingu í vetur. Einingakubbateymi hittist einu sinni og var það í tengslum við skýrslugerð þróunarverkefnisins sem lauk fyrir jól. Niðurstöður verkefnisins voru kynntar á skipulagsdegi (sjá nánar í kafla 5.1 um fræðslu). Fjöltungisteymið náði ekki að hittast eins og þörf var á og innleiðing hæfniramma gekk misvel eftir deildum. Ekki voru tengiliðir frá öllum deildum í teyminu sem má skýra ástæðuna. Regnbogateymið náði að hittast reglulega þar sem auðveldara að hittast ef það eru færri í teyminu. Útbúin var aðgerðaráætlun (sjá fylgiskjal) og það eru nú þegar þættir úr henni komnir í framkvæmd og/eða lokið. Sem dæmi má nefna eru veggspjöld um mismunandi kynhneigðir og orðskýringar á kaffistofum (sjá mynd). Í auglýsingu í tengslum við bóndadag og konudag var einnig kvárum boðið í kaffi báða dagana. Þann 17. maí á alþjóðadegi gegn fordómum í garð hinsegin fólks var haldin Regnbogahátíð í leikskólanum til þess að auka sýnileika og koma í veg fyrir fordóma. Börnin skreyttu fána, fóru í skrúðgöngu um hverfið og héldu hátíð í Sandavaði þar sem elstu börnin sungu nokkur lög og boðið var upp á ávexti, sápukúlur, tónlist og dans í garðinum. Þessi hátíð mun verða hluti af hefðum Rauðhóls.



Læsisáætlun er í vinnslu á vormánuðum í samstarfi við Miðju máls og læsis og gengur sú vinna vel. Teymi um nám og þroska ásamt stjórnendum sammæltust um að nota mælitækin TRAS, EFI-2, Hæfniramma fyrir fjöltungd börn ásamt formi frá Rauðhól sem til var og tekur m.a. mið af formi um þroska barna frá Heilsugæslunni.

Sótt var um styrk til Sprotasjóðs 2023 vegna tveggja verkefna í tengslum við áherslupættina geðrækt, geðtengsl, geðheilbrigði og farsældar hjá börnum. Annars vegar áhrif ævintýraferða á geðheilsu barna og hins vegar samvinnuverkefni Rauðhóls og velferðarsviðs Reykjavíkurborgar í tengslum við eflingu geðtengsla hjá fjölskyldum sem eru með erfiðar félagslegar aðstæður. Ekki fengu verkefnin brautargengi en ætlunin er að sækja um í öðrum sjóðum ef mögulegt er. Ástæðan fyrir neitun gæti verið að Rauðhóll fékk styrk árið 2021-2022.

Rauðhól, ásamt fjórum öðrum leikskólum, var boðið var boðið að taka þátt í þróunarverkefni um hæglátt leikskólastarf í samstarfi við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri. Við tókum því fagnandi og verða a.m.k. þrjár deildir í samstarfi við Háskólann næsta ár og munu leggja áherslu á hæglátt leikskólastarf í öllum leikskólanum. Verkefnið mun vara í þrjú ár.

Leikskólinn Rauðhóll tekur einnig þátt í öðru þróunarverkefni næsta vetur sem nefnist Farsæld barna - stuðningur við uppeldisfærni foreldra. Verkefnið er á vegum Mennta-og barnamálaráðuneytisins og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Tilgangurinn með því er að valdefla foreldra í hlutverki sínu og vinna þannig að styrkingu grunnþjónustu við börn og foreldra í samvinnu við skólasamfélagið og foreldra um uppeldi barna. Um er að ræða tveggja ára verkefni sem fylgt verður eftir með rannsókn á áhrifum verkefnisins m.a. út frá reynslu foreldra, barna, skólasamfélagsins og mögulegum hagrænum áhrifum.

Aðrar nýjar áherslur eru að Ingibjörg Jónasdóttir, sem verið hefur deildarstjóri frá opnun Rauðhóls, tekur að sér verkefnastjórn í vinnu með fjöltyngdum börnum. Í skoðun er að sameina fjöltyngis- og læsisteymi þar sem verkefnin skarast. Einnig er ætlunin að hafa markvissari teymisfundi næsta vetur og festa fundartíma í hverjum mánuði eins og var gert fyrir nokkrum árum.

Í byrjun næsta skólaárs er fyrirhugað að halda ráðstefnu um einingakubba og læsi, þar sem m.a. verður farið yfir niðurstöður rannsóknarinnar „Leikur að læsi í gegnum einingakubba“.

Sigríður Sigurjónsdóttir verkefnastjóri og leikskólakennari

4 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

Innra mat

MATS-ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lok-ið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur	Náðust markmið
1. Stjórnun								
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	Unnið sé eftir verklagsreglum um móttöku nýrra starfsmanna	Útbúið verður fræðslufni fyrir nýliða um stefnu og starfshætt i leikskólans og fræðsluherferð ýtt úr vör	Stjórnendur	Ágúst 2022	Júní 2023	Gátlisti/verklag	Fræðslu efni og verklagsreglur tilbúnar fyrir nýtt starfsfólk	Já að stórum hluta. Leiðsagnar kennarar tóku viðtöl við nýja starfsmenn og miðluðu því efni sem til er. Ætlunin er að taka síðar upp fræðslu myndband sem endurspeglar stefnu og starfshætt i leikskólans
Handleiðsla	Innleiða stefnu Reykjavíkurborgar um handleiðslu í starfi fyrir deilda-	Deilda-stjórar fá reglulega tækifæri til handleiðslu	Leikskól astjóri Aðstoðarleikskóla-stjórar	Sept. 2022	Maí 2023	Unnið jafnt og þétt yfir skólaárið	Öruggari og faglegri deilda-stjórar	Nei, stefnan frá borginni kom ekki til framkvæmda. Ætlunin er að vinna að handleiðslu



	stjóra							innan Rauðhóls næsta vetur
Heimasíða leikskólans	Heimasíða leikskólans endurspeglar starf leikskólans þar sem hægt er að nálgast hagnýtar upplýsingar, skólánámskrá, skýrslur o.fl.	Safna saman gögnum og setja á heimasíðu leikskólans	Aðstoðarleikskólastjóri	Sept. 2022	Júní 2023	Unnið jafnt og þétt yfir skólaárið	Heimasíða leikskólans sé lifandi og innihaldsrík	Reykjavíkurborg hefur lokið endurbótum á vefumhverfi leikskólanna þótt ekki sé farið eftir óskum leikskólans í þeim efnum

MATS-ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur	Náðust markmið
2. Uppeldis- og menntastarf								
Námssvið leikskólans	Unnið sé markvisst að eflingu læsis í víðum skilningi og það endurspeglar bæði í námskrá og áætlun um læsi og í starfi	Læsisstefna Rauðhóls verður dýpkuð sem endurspeglar á öllum deildum	Læsis-teymi og deildastjórar	Okt. 2022	Júní 2023	Gátlisti, Rýnihópur barna	Endurbætt læsisstefna Rauðhóls er tilbúin	Nei en áætlunin er í vinnslu og miðar ágætlega



Leikskóli án aðgreiningar	Starfsfólk sækir námskeið til að auka fagþekkingu sína á þroskafrávikum og sér úrræðum barna	Vekja athygli á auglýstum námskeiðum í þessum málaflokki og hvetja starfsfólk til að nýta sér þau ásamt því að vera með námskeið á skipulagsdögum	Leikskólastjóri, sérkennslustjóri og verkefnastjórar	Ágúst 2022	Mái 2023	Gátlisti/samantekt	Ákveðinn fjöldi starfsmanna hefur nýtt sér þessi námskeið á skólaárinu ásamt því að haldin voru erindi fyrir allt starfsfólk	Já. Starfsfólk fékk m.a. fræðslu um einhverfu, tengslavanda og transbörn á skólaárinu
Mat á námi og velferð barna	Áætlun verður gerð um mat á námi og velferð barna	Útbúin verða viðmið um mat og nám á velferð barna út frá stefnu Rauðhóls	Teymi um nám og þroska barna, deildastjórar	Sept. 2022	Júní 2023	Gátlisti	Ný og endurskoðuð viðmið um mat á námi og velferð barna verði tilbúin	Samþykkt var að nota TRAS, Efi-2, Hæfniramma, og form Rauðhóls sem var til fyrir
	Reglulegar skráningar séu gerðar á framförum allra barnanna	Útbúin verði aldurstengt viðmið um skráningar á framförum barna	Teymi um mat á námi og þroska barna og deildastjórar	Sept 2022	Júní 2023	Gátlisti	Skráningar eru reglulegar út frá nýrri áætlun um mat á námi og velferð barna	Samþykkt var að nota TRAS, EFI-2, Hæfniramma, og form Rauðhóls sem var til fyrir
	Fjölbreytt gögn séu lögð til grundvallar á námi og stöðu	Útbúinn verði matslisti á námi og stöðu barna út frá starfsaðferðum Rauðhóls	Teymi um mat á námi og þroska barna og deilda-	Sept 2022	Júní 2023	Ferilmöppur EFI-2 Hljóm-2 TRAS, matslisti Rauðhóls og hæfni-	Notast er við fjölbreyttar aldurs- og þroskatengdar matsaðferðir á námi og stöðu barna	Markmið náðust. Byrjað var að nota TRAS á yngri deildum



	barna	sem verður viðbót við það sem nú þegar er gert	stjórar			rammar		og á eldri eftir þörfum.
	Börn taki þátt í að meta nám sitt	Notast verður við broskalla og demanta-aðferð með börnunum	Teymi um mat á námi og þroska barna og deilda-stjórar	Sept 2022	Júní 2023	Gátlisti	Námskrá Rauðhóls þar sem áhersla er lögð á sveigjanleika í skipulaginu	Já, nemendur Rauðhóls meta nám sitt á hverjum degi með vali á leikefni og stýringu tíma sínum
	Börn fá tækifæri til að setja sér markmið	Sett verður inn í foreldra-viðtals-formið umræðu-punktur um markmiðs-setningar barna	Teymi um mat á námi og þroska barna og deilda-stjórar	Sept 2022	Júní 2023	Gátlisti	Námskrá Rauðhóls þar sem áhersla er lögð á lýðræði og sveigjanleika í skipulaginu	Já, nemendur setja sér markmið með vali á viðfangs efni á hverjum degi

MATS-ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur	Náðust markmið
4. Leikskólabragur								
Velferð og líðan barna	Starfsfólk er meðvitað um að byggja nám barnanna á áhuga og	Unnið með áhuga og styrkleika í daglegum verkefnum	Deildar stjórar	Sept '21	Maí '22	Viðhorfs-könnun SFS um innleiðingu menntastefnu	Nám nemenda byggist m.a. á að starfsfólk geti byggt það á áhuga og styrkleika	Já í könnun um innleiðingu menntastefnu Reykjavík-urborgar



	styrkleika þeirra	og rætt í foreldra-viðtölum					barnanna	kom fram að 100% starfsmanna er sammála um að svo sé
Viðhorf foreldra - SFS	Foreldrar og barn ákveða í sameiningu markmið fyrir skólaárið	Foreldrar ræða markmiðasetningu í foreldra-viðtali	Deildastjórar	Mars 2023	Júní 2023	Viðhorfskönnun SFS	Foreldrum finnst þeir eiga hlutdeild í uppeldi og námi barna sinna í leikskólunum	Ekki var spurt um þennan lið en leikskólinn hvetur foreldra til þátttöku í starfinu og hækkaði sá liður frá fyrri könnun. Ætlunin er að skerpa frekar á markmiðssetningunni

MATS-ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur	Náðust markmið
1. Innra mat								
Skipulag og viðfangsefni	Að kynna starfsaðferðir starfendarrannsóknna fyrir starfsfólki	Fá fræðslu um starfendarrannsóknir	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjórar	Ágúst 2022	Júní 2023	Gátlisti	Að starfsfólk hafi fengið fræðslu um starfendarrannsókn og gert sér í hugarlund hvort þeir geti hugsað sér að nýta	Að hluta til, hluti starfsfólks þekkir aðferðina í gegnum nám sitt. Önnur fræðsla hafði forgang.



							sér það í daglegu starfi	
Gagnaöflun og vinnubrögð	Gagna er aflað með aðferðum sem hæfa viðfangsefninu	Ákveðin teymi sjá um að afla þeirra gagna sem endurspeglar þeirra áherslur, t.d. læsi	Teymi leikskólans	Ágúst 2022	Júní 2023	Gátlisti	Fjölbreytt gögn liggja til hliðsjónar hverju viðfangsefni	Já, gögn eru markvisst sett í viðeigandi möppur inn á sameign í tölvukerfi og það er aðgengilegt og kynnt fyrir starfsfólki
Opinber birting og umbætur	Starfsfólk og foreldrar geta á óbyggjandi hátt nefnt dæmi um umbætur sem innra mat leikskólans hefur leitt til	Að starfsfólk og foreldrar verði markvisst upplýst um umbætur, t.d. í tölvupóstum	Stjórnendur	Sept 2022	Júní 2023	Könnun meðal foreldra og starfsfólks	Starfsfólk og foreldrar geti komið með a.m.k. eitt dæmi um umbætur	Foreldrar eru upplýstir um umbætur í gegnum tölvupóst. Leita þarf leiða til þess að athuga hvort upplýsingar skili sér



Ytra mat

4.1.1 Ytra mat - viðhorfskönnun starfsfólks á vegum SFS árið 2022

Þáttur	2022
Fræðsla og þjálfun	4,02
Starfsánægja	4,59
Sveigjanleiki í starfi	4,41
Upplýsingaflæði	4,36
Vinnuaðstaða	4,38

Hámark er 5

Þáttur	2022
Einelti frá samstarfsfólki	2,3
Áreitni frá samstarfsfólki	0,0

Ekki var unnið markvisst með einelti í vetur en ætlunin er að hafa fræðslu um einelti á starfsmannafundi/skipulagsdegi í haust ásamt viðbrögðum gegn ofbeldi innan leikskólans. Birta Ethel Guðbjartsdóttir starfsmaður í Rauðhól skrifaði B.Ed. ritgerð í vor um viðbrögð gegn ofbeldi innan leikskóla og útbjó handbók um efnið sem verður kynnt og innleitt í Rauðhól.

4.1.2 Stofnun ársins 2022, - allar stofnanir innan Reykjavíkurborgar. Könnun var gerð í mars 2023 á vegum Sameyki og SFS.

Breyting var á fyrirkomulagi starfsmannakannanna frá fyrra ári og er samanburður við allar stofnanir Reykjavíkurborgar. Áhersluþættirnir eru einnig aðrir og því erfitt að bera saman við fyrri könnun.

Helstu þættir:


Þáttur	2023
Heildareinkunn	4,27
Stjórnun	4,54
Starfsandi	4,51
Launakjör	2,63
Vinnuskilyrði	3,83
Sveigjanleiki vinnu	4,07
Sjálfstæði í starfi	4,27

Hámark er 5



Tölurnar eru lægri frá fyrri könnun SFS frá 2022 hér að ofan. Launakjör og vinnuskilyrði skora lægst á móti fræðslu/þjálfun og vinnuaðstöðu í núverandi könnun. Leikskólinn Rauðhóll stendur sig samt vel í samanburði við aðra leikskóla, sjá mynd:

Helstu niðurstöður - Samanburður þátta við Reykjavíkurborg og starfsstöðvar á sama sviði




7

Helstu niðurstöður - Fimm hæstu og lægstu einkunnir



Leikskólinn Rauðhóll



Leikskólinn Rauðhóll



Athugið að hér er eingöngu um að ræða spurningar sem eru hluti af þáttunum sem lúthryra Stofnun ársins. Aðrar spurningar geta því verið með hærri eða lægri einkunnir.

9



4.1.3 Niðurstöður könnunar um menntastefnu Reykjavíkurborgar

Um 67% svörun miðað við fjölda starfsfólks í maí 2022, 49 af 73 manns. Hér eru nokkur dæmi úr könnuninni:

Ég hef þekkingu til að ýta undir félagsfærni og vináttu barna	Fjöldi svara	%	Rauðhóll samtals	Reykjavík í heild
Mjög sammála	21	44%		60%
Frekar sammála	26	54%	98%	34%
Hvorki né	1	2%	2%	4%
Frekar ósammála	0	0%	0%	1%
Mjög ósammála	0	0%		0,3%
Samtals	48	100%		

98% af starfsfólki Rauðhóls er sammála fullyrðingunni á móti 94% Reykjavík í heild.

Ég hef þekkingu til að styðja við og leysa deilur í barnahópnum	Fjöldi svara	%	Rauðhóll samtals	Reykjavík í heild
Mjög sammála	22	46%		57%
Frekar sammála	26	54%	100%	39%
Hvorki né	0	0%	0%	3%
Frekar ósammála	0	0%	0%	1%
Mjög ósammála	0	0%		0,1%
Samtals	48	100%		

Allt starfsfólk Rauðhóls er sammála á móti 96% Reykjavík í heild.

Starfsfólk bregst við og nýtir viðbrögð og áhuga barnanna	Fjöldi svara	%	Rauðhóll samtals	Reykjavík í heild
Mjög sammála	31	63%		45%
Frekar sammála	18	37%	100%	48%
Hvorki né	0	0%	0%	5%
Frekar ósammála	0	0%	0%	2%
Mjög ósammála	0	0%		0,3%
Samtals	49	100%		

Allt starfsfólk bregst við og nýtir viðbrögð og áhuga barnanna á móti 93% í Reykjavík í heild.

Starfsfólk hefur trú á getu og hæfni barnanna	Fjöldi svara	%	Rauðhóll samtals	Reykjavík í heild
Mjög sammála	31	63%		51%
Frekar sammála	18	37%	100%	43%
Hvorki né	0	0%	0%	4%
Frekar ósammála	0	0%	0%	2%
Mjög ósammála	0	0%		0,1%
Samtals	49	100%		

Allt starfsfólk hefur trú á getu og hæfni barnanna á mót 94% Reykjavíkur í heild.

Starfsfólk leikskólans notar bækur með börnunum	Fjöldi svara	%	Rauðhóll samtals	Reykjavík í heild
Mjög sammála	35	71%		76%
Frekar sammála	13	27%	98%	22%
Hvorki né	0	0%	0%	1%
Frekar ósammála	1	2%	2%	1%
Mjög ósammála	0	0%		0,3%
Samtals	49	100%		

98% starfsfólks Rauðhóls ásamt Reykjavík í heild notar bækur með börnunum en æskilegt hefði verið að fleiri í Rauðhól hefðu verið mjög sammála.

Að efla skilning barnanna á sviði tækni og vísinda	Fjöldi svara	%	Rauðhóll samtals	Reykjavík í heild
Mjög gott vald	10	21%		26%
Frekar gott vald	21	45%	66%	41%
Hvorki né	14	30%	30%	23%
Frekar lítið vald	2	4%	4%	8%
Mjög lítið vald	0	0%		2%
Samtals	47	100%		

66% starfsfólks Rauðhóls telur sig efla skilning barnanna á sviði tækni og vísinda á mót 67% Reykjavík í heild en þessi þáttur er ekki stór áhersluþáttur í starfi Rauðhóls.

Að koma til móts við þarfir barna sem þurfa sérstakan stuðning	Fjöldi svara	%	Rauðhóll samtals	Reykjavík í heild
Mjög vel	17	35%		44%
Frekar vel	23	48%	83%	40%
Hvorki né	7	15%	15%	12%
Frekar illa	1	2%	2%	3%
Mjög illa	0	0%		1%
Samtals	48	100%		



83% starfsfólks telur sig koma til móts við þarfir barna sem þurfa sértækan stuðning á mót
84% Reykjavík í heild. Þessi þáttur þyrfti að vera hærri eða orða spurninguna skýrar.

Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024

UMBÓTA- ÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Faglegt samstarf	Virk áætlun er til um samstarf við Norðlingaskóla(s.s. um aðlögun barna, gagnkvæma upplýsingagjöf og heimsóknir)	Sett verður niður fyrirkomulag samstarfs og dagsetningar ákveðnar	Stjórnendur	Ágúst '23	Des' 23	Fundur með skólastjórnendum Norðlingaskóla og/eða teymis stjórum 1.bekkjara	Áætlun fyrir samstarf við Norðlingaskóla tilbúin og komin í framkvæmd
Leikskóla- þróun og símenntun	Þróunar- og/eða umbótaáætlun byggir á stefnu leikskólans og innra og/eða ytramati á starfinu	Tengja þróunarverkefni um hæglátt leikskólastarf við stefnu leikskólans	Rýnihópur og stjórnendur	Sept. '23	Vor '26	Rýni-hópur, starfendurannsókn og safnagögnum	Verkefnið styrkir ákveðna þætti í faglegu starfi
Skólanám- skrá, starfs- áætlun, áætlanir og verklags- reglur	Læsisáætlun Rauðhóls verður dýpkuð sem endurspeglant í starfinu á öllum deildum	Unnið með Miðju máls og læsis á skipulagsdegi og niðurstöður teknar saman	Læsi-teymi og deildastjórar	Sept' 22	Haus t'23	Hópa- vinna starfsfólks allra deilda og unnið úr niðurstöðum	Læsis-áætlun Rauðhóls tilbúin og sýnileg foreldrum(plakat)
	Endurskoðun og endurútgáfa á skólanámsskrá á Rauðhóls	Unnið reglulega á skipulagsdögum/starfsmannafundum og af verkefnastjóra	Allt starfsfólk Rauðhóls	Sept' 23	Haus t'24	Hópa-vinna stjórnenda, verkefnastjóra og alls starfsfólks	Ný og endurbætt skólanámsskrá Rauðhóls tilbúin
Uppeldis- og menntastarf							



Skipulag náms- og náms-aðstæður	Efniviður, s.s. myndir á veggjum, bókakostur og leikefni endurspeglar margbreytileika mannlífsins	Endurnýja reglulega hinsegin bækur og bækur með fjölbreytileikum persónum, t.d. Vertu þú	Regnboga-temi Rauðhóls	Sept' 23	Okt' 23	Gátlisti	Bækur sem endurspeglar fjölbreytileika eru aðgengilegar börnum á öllum deildum
Leikur, nám-lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Leitað er leiða til að fá fram raddir barna sem enn hafa ekki öðlast næga færni í tungumálinu	Verkefnastjóri fjölyngis gerir áætlun um eflingu íslensku fyrir fjölyngd börn og aðstoðar við að innleiða hæfniramma á deildum	Verkefnastjóri fjölyngis og sérkennslustjórar	Ágúst '23	Okt' 23	Safna gögnum úr matslistum	Áætlun um eflingu íslensku fyrir fjölyngd börn tilbúin og unnið eftir henni
Mannauður							
Hlutverk leikskólakennara/deildarstjóra	Deildastjórar verði öruggir í að veita faglega forystu og leiðsögn (forystusýn)	Endurskoða forystusýn Rauðhóls á stjórnendafundum og skerpa á verkferlum	Leikskólustjóri, aðstoðarleikskóla- og verkefnastjóri	Sept. '23	Maí 24	Skoða og safna gögnum, handleiðsla og námskeið eftir þörfum	Verkferlar tilbúin til styrkingar fyrir deildastjóra
Leikskólabragur							
Viðmót og menning	Jákvæður andi og gleði ríki á vinnustaðnum og starfsfólk ná að fara reglulega í flæði í vinnu með	Gleðin verður rauður þráður í vinnu deilda í vetur. Fyrirlestur um hómur og gleði í	Allt starfsfólk Rauðhóls	Ágúst '23	Júní '24 Svo höldum við áfram í gleðina!	Rætt er um líðan og hlutverk kennara í flæði á deildafundum, starfsmanna-fundum og skipulagsdögum og leiðir til þess að halda	Gleði er höfð að leiðarljósi í starfsháttum leikskólans og starfsfólk kemst reglulega



	börnunum (það þarf að ná því upp eftir erfiðan síðasta vetur og Covid!)	samskiptu m frá Eddu Björgvinsd. í janúar'24.				í gleðina	í flæði
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Þróunarverkefnið Farsæld barna snýst um að valdefla foreldra í hlutverki sínu og vinna þannig að styrkingu grunnþjónustu við börn og foreldra í samvinnu við skólasamfélagið og foreldra um uppeldi barna	Stuðst verður við bókina <i>The Incredible Years</i> . Foreldrafærninámsskeið verður reynsluþróað þar sem áhersla verður lögð á að byggja upp betri samskipti og tengsl milli foreldra og barna með æfingum, hlutverka-leikjum og umræðum í foreldrahópnum.	Verkefnastjórn HÍ og Tengiliður Rauðhóls við verkefnið	Haus t'23	Vor' 25	Rýni-hópur, verkefna-stjórn frá HÍ, rannsókn	Námskeið fyrir foreldrum uppeldi barna sinna og þróun fræðslu og leiðsögn kennara við foreldra er tilbúið til notkunar og hefur gefið góða raun



4.2 Innra mat hverrar deildar fyrir sig skólaárið 2022-2023

2. Uppeldis- og menntastarf								
Mat á námi og velferð barna	Fjölbreytt gögn séu lögð til grundvallar á námi og stöðu barna	Útbúinn verði matslisti á námi og stöðu barna út frá starfsaðferðum Rauðhóls sem verður viðbót við það sem nú þegar er gert	Teymi um mat á námi og þroska barna og deilda-stjórar	Sept 2022	Júní 2023	Ferilmöppur EFI-2 Hljóm-2 TRAS hæfniramar og form frá Rauðhól	Notast er við fjölbreyttar aldurs- og þroska-tengdar matsaðferðir á námi og stöðu barna	TRAS var innleitt á öllum yngri deildum, Hæfniramar og form frá Rauðhól verður notað ásamt EFI-2 var fyrir 3-4 ára og Hljóm-2 fyrir 5 ára börnin

Hvernig gekk starfið á deildinni í vetur almennt?

Hvaða lista/viðmið var notast við til þess að meta þroska barnanna fyrir foreldraviðtöl?

(Form frá Rauðhóli, TRAS, EFI-2, hæfniramar, Hljóm-2)

Hvernig gekk að ræða markmið um þarfir/þroska barns í foreldraviðtölum í vetur?

4.2.1 Gula deild börn fædd 2020-2022

Starfið á Gulu deild í vetur var oft á tíðum mjög krefjandi. Ástæður fyrir því voru meðal annars mannekla eftir áramót þar sem við misstum einn starfsmann frá okkur (vegna sinnuleysis þeirra starfsmanna hjá SFS sem málið varðaði) og ekki gekk vel að ráða í stöðuna. Einnig voru 4 starfsmannabörn aðlöguð á tímabilinu des.- jan. þar sem ekki var hægt að laga þau fyrr vegna aldurs. Þessar aðlaganir ollu miklum óróa hjá börnunum á deildinni og við tóku þrjú mánuðir sem voru afar krefjandi vegna manneklu og aðlögunar. Í byrjun apríl var aðeins farin að færast ró yfir deildina, en hún er mjög viðkvæm fyrir hvers kyns breytingum í starfsmannahópnum eða annars konar áreiti s.s. heimsóknum.

Faglegt starf leið fyrir þessar aðstæður og að mínu mati voru vinnuáætlaðar fyrir bæði börn og starfsfólk algjörlega óviðunandi oft á tíðum. Hvorki ég né aðrir starfsmenn á deildinni höfum tekið nein fagnámskeið í vetur en deildarstjóri er í meistaranámi í leikskólafræðum við



HÍ. Við höfum rætt um námskeið sem eru auglýst og erum meðvitaðar um þau en höfum hreinlega ekki haft þrek né löngun í að fara á námskeið.

Foreldraviðtöl fóru fram að hausti og svo aftur í lok apríl og byrjun maí. Við notuðum TRAS til þess að meta þroska barnanna og ræddum niðurstöðu í foreldraviðtali að vori.

Í gegnum allan veturinn áttum við í reglulegum og góðum samskiptum við foreldra um þroska, nám og þarfir barna þeirra. Ég tók nokkur viðtöl þegar foreldrar óskuðu eftir þeim vegna mála sem þurfti að ræða. Samskiptin voru svo mikil og nán að oft á tíðum þá náðum við að vinna að þeim markmiðum sem foreldrar og við sóttumst eftir að vinna að án þess að hittast í formlegu foreldraviðtali. Svo dæmi séu tekin, hætta með snuð og bleiu og auðveldra kveðjustundir á morgnana þegar börnin áttu erfiða stund með að kveðja. Við settum upp hvatakerfi fyrir börn til þess að fá jákvæðari hegðun og áttum í góðum samskiptum við foreldra.

Við höfum því miður ekki náð að fylgja eftir skráningum sem skrá framfarir barnanna á deildinni í vetur. Framfarirnar eru þó fjölmargar þrátt fyrir að vera ekki sýnilegar á pappír. Framfarir í málþroska barnanna eru miklar. Þau hafa eflst í sjálfshjálpi í fataklefa og inn á salerni og í matartímum. Þau eru að hætta með bleiu og snuð, taka virkari þátt í söngstundum, úthald þeirra í útveru hefur aukist. Samhliða auknu úthaldi í útiveru hafa þau náð framförum í gróf- og fínhreyfingum. Elstu börnin eru byrjuð í meiri samleik og félagsleg samskipti þeirra aukast og verða flóknari eftir því sem liðið hefur á veturinn.

4.2.2 Bláa deild börn fædd 2020-2022

Starfið á Bláu deild hefur gengið merkilega vel. Það kom í ljós síðasta sumar að mygla leyndist á deildinni og var hún því ónothæf fyrsta mánuðinn eftir sumarlokun. Starfsfólk tók þá ákvörðun að fresta ekki aðlögun og var opnað lítið útibú af Bláu deild á kaffistofu starfsmanna. Með mikilli vinnu, jákvæði og góðri samvinnu starfsmanna gekk það ágætlega en ekki sársaukalaust. Við vorum með flutningsbörn af Gulu deild sem og fimm eins árs börn í aðlögun á kaffistofunni. Við fengum síðan Bláu deild afhenta og fluttum inn strax og tókum við næsta hóp af aðlögun.

Barnahópurinn á Bláu deild er öflugur og til fyrirmyndar. Mannekla vegna langtímaveikinda í vetur setti auðvitað strik í reikninginn. Eldri hópurinn hefur farið og eytt nokkrum dögum í Björnslundi sem hefur gengið mjög vel. Deildarstjóri hefur fyllt út í TRAS fyrir öll börn þegar þau eru 2.3 ára og svo á 6 mánaða fresti. Foreldraviðtöl í nóvember og aftur í mars gengu vel. Foreldrar kynntir fyrir TRAS listanum í viðtölum í mars. Hæfniramar eru notaðir fyrir fjöltyngd börn, tengiliður okkar í fjöltyngisteymi sér um það. Skráningar á þroska og námi barnanna eru í ferilmöppum.

4.2.3 Græna deild börn fædd 2019-2020

Starfið á Grænu deild gekk ágætlega í vetur. Á deildinni voru 22 börn fædd 2019-2020, en fyrir voru 7 börn sem höfðu verið eitt ár í leikskólanum og við bættust 15 börn sem voru ýmist að byrja í leikskóla í fyrsta skiptið eða að koma af öðrum leikskólum. Aðlögun gekk almennt vel. Á deildinni störfuðu tveir deildastjórar þar sem upphaflegi deildastjórinn fékk aðra stöðu innan leikskólans og því vantaði 50% á móti. Samstarfið gekk almennt vel en deildastjórar skiptu verkum á milli sín.


Starfið á deildinni gekk frekar tæplega um haustið þar sem lengst af var deildin undirmönnuð vegna þess hve erfiðlega gekk að púsla saman vinnuhlutfalli starfsmanna í takt við þarfir deildarinnar. Í nóv/des var komin ágæt mönnun á deildina en jan/feb voru mjög erfiðir sökum mikilla veikinda starfsfólks/barna starfsfólks og styttingar vinnuvikunnar. Nokkrum sinnum þurfti að senda börn heim vegna skorts á starfsfólki. Jákvæðnin var þó í fyrirrúmi hjá starfsfólki deildarinnar og skipti okkur miklu máli að börnin finndu sem minnst fyrir þeirri streitu sem starfsfólkið upplifði.

Í vetur voru Ævintýraferðir í hverri viku fyrir eldri börn deildarinnar (fædd 2019), sem þau höfðu mjög gaman af. Einnig var farið í Fylkissel í fimleikasal í hverri viku og höfðu þessar ferðir mjög jákvæð áhrif á börnin, hreyfiproska þeirra og gleði. Fyrir yngri börnin, fædd 2020, var lögð áhersla á að þau fengju að njóta sín sem best á meðan eldri börnin væru utan deildar.

Í haust voru foreldrasamtöl sem stóðu til boða fyrir þá foreldra sem vildu en þátttakan var þó frekar dræm í þau viðtöl. Byrjað var að meta málprosa barnanna með TRAS, þar sem fyrsta matið fór fram í sept/okt og var hvert barn metið aftur sex mánuðum seinna, eða í apríl/maí. Um vorið var einnig tekið EFI-2 þroskamat á þeim börnum sem pössuðu inn í þann aldursramma. Einnig voru hæfniramar nýttir fyrir eitt fjöltungt barn á deildinni. Þær upplýsingar voru síðan nýttar í foreldraviðtöl í maí. Samstarf við foreldra gekk vel og voru foreldrar duglegir að spjalla við okkur ef eitthvað var, svo sem að breyta svefni, hætta með bleyju o.s.frv.

4.2.4 Rauða deild börn fædd 2019-2020

Í vetur hafa verið 22 börn á Rauðu deild, 14 fædd 2019 sem eru búin að vera tæp tvö ár deildinni og 8 börn sem fædd eru síðari hluta árs 2020. Aðlögun gekk vel en þó áttu börnin sem fyrir voru á deildinni nokkuð erfitt meðan aðlögun stóð yfir.



Hvernig gekk starfið á deildinni í vetur?



Haustið og veturinn voru strembin á Rauðu deild. Álagið á deildinni var oft mikið vegna veikinda, styttingar vinnuvikunnar og orlofs hjá starfsfólki. Eftir áramót varð ástandið betra þar sem aðeins fleira starfsfólk var á deildinni. Yfir mesta álagstímamann sem er rétt fyrir hádegi og aftur um kaffitíma barna er mikilvægt að hafa 4 starfsmenn á meðan börn eru að aðlagast leikskólalífinu. Stjórnendur gerðu sitt besta við að leysa sjálfir af á deildinni þegar þess þurfti í vetur. Senda þurfti börn heim í nokkur skipti vegna mannekle. Oftast dugði að biðla til forelda um að sækja börn fyrr ef

þeir hefðu möguleika á því. Foreldrar sýndu skilning og mættu því með jákvæðu viðmóti.

Í haust áttum við frekar erfitt með að skipta upp barnahópnum í smærri hópá en starfsfólk reyndi það eftir bestu getu.



Skólaárið fór mikið í að styrkja börn í samskiptum og samskiptafærni og hafa kennarar lagt mikla áherslu á það. Við nýttum okkur meðal annars aðferðir sem sálfræðingar frá þjónustumiðstöð ráðlögðu okkur á Rauðu deild. Það er aðferð sem kallast náttúruleg kennsla. Einnig tókum við í notkun tákni með tali sem breytti miklu innan deildarinnar og fundum við fljótlega fyrir jákvæðum áhrifum á börnin. Þá einnig fyrir börn sem ekki hafa enn vald á íslensku. Börn sem eru að ná færni í notkun tungumálsins gátu nýtt sér tákni með tali til þess að tjá tilfinningar sínar eða þarfir. En eftir að við tókum inn nokkur tákni með tali áttu þessi börn auðveldara með að tjá sig bæði við starfsfólk og önnur börn.



Einn starfsmaður á Rauðu deild var að vinna með skóla og mætti eftir hádegi í vetur. Starfsmaðurinn kom með mikla gleði inn í hópinn og mætti á þeim tíma þar sem starfsmannahópurinn var farin að þynnast á deildinni en hann mætti um kl. 15 flesta daga.

Ævintýraferðir voru í boði tvisvar í viku sem vöktu mikla ánægju bæði hjá börnum, kennurum og foreldrum. Við fundum eftir áramót mikinn árangur af þessum ferðum bæði líkamlega í grófhreyfingum hjá börnunum og í öllum almennum þroska.



Í vetur fengum við að fara oftar í Björnslund en árið á undan sem var almenn ánægja með



bæði hjá börnum, kennurum og foreldrum. Við byrjuðum haustið með því að fara með fá börn í einu á útsvæðið og smátt og smátt fjölgaði í barnahópnum. Starfsfólk þarf enn sífellt að vera á varðbergi sérstaklega á meðan börnin eru að læra og tileinka sér hvernig mörkin eru á lóðinni við skógarhúsið. Börnin koma alltaf glöð í Björnslund og mátti sjá mikla sköpunargleði hjá þeim jafn á inni sem úti.

Ferðir í Fylkissel hjá eldri árgangi voru skemmtilegar og voru börnin áhugasöm að fara í fimleikahúsið.



Það féllu niður nokkrir miðvikudagar einkum vegna færðar eða veðurs.

Markmið um þarfir og þroska barna

Í haust var tekin í notkun EFI-2 Málþroskaskimun fyrir börn á fjórða ári. Skimunin hefur gefið okkur góða sýn á stöðu barnanna í málþroska og auðveldað okkur að koma auga á þau börn sem gætu þurft nánara eftirlit.

Við byrjuðum einnig að nota TRAS skráningu á málþroska ungra barna í vetur sem gefur okkur góða sýn á stöðu barns í málþroska.

Einn starfmaður frá Rauðu deild var tengiliður í fjöltyngisteymi Rauðhóls og sá um að fylla út hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn sem voru á Rauðu deild. Listarnir sýndu framfarir og einnig gáfu þeir góða sýn á stöðu hvers barns í íslensku.

Niðurstöður úr þessum skimunum hafa verið nýttar í foreldraviðtölum og hafa gefið okkur góðan mælikvarða á stöðu barna á Rauðu deild. Út frá niðurstöðum hefur starfsfólk í samvinnu við sérkennslustjóra gefið foreldrum hugmyndir um hvernig hægt er að vinna betur með þá þætti heima sem leggja þarf áherslu á hjá barninu.

Mat á markmiðum sem sett voru haust 2022.



Í ágúst 2022 var deildafundur á Rauðu deild þar sem við starfsfólk ræddum og settum niður markmið fyrir starfið á deildinni í vetur. Markmiðin voru meðal annars: Að efla félagsþroska, sjálfshjálp og að börnin styrki sjálfsmýnd sína ásamt því að fara markvisst í



Ævintýraferðir, vettvangsferðir og að styrkja börn félagslega í gegnum leikinn.

Í foreldrasamtölum í haust var farið yfir þau atriði sem foreldrar vilja leggja áherslu á í samvinnu við leikskólann varðandi uppeldi og nám barnsins. Með það að markmiði að stuðla að góðri líðan barnsins og eru börnin að sjálfsögðu þátttakendur í ferlinu. Sem dæmi má nefna að barnið hættir með bleyju eða snuð, er að takast á við breytingar eða erfiðar tilfinningar. Einnig til þess að styðja barnið í að finna styrkleika sína. Kennarar hafa á deildafundum farið yfir þessi atriði reglulega og lagt áherslu á að rýna í öll börnin á deildinni.



Kennarar á Rauðu deild telja að þau markmið sem sett voru í haust hafi tekist vel. Það er að fylgja þeim eftir og finnum við fyrir framförum hjá hverju barni. Á deildafundum í vetur hefur verið lög áhersla á að fara yfir líðan og hegðun hjá börnunum og finna farveg fyrir hvert og eitt barn til þess að það nái að þroskast og dafna og líða sem best í leikskólanum.



4.2.5 Ævintýrahóll börn fædd 2018

Hvernig gekk starfið á deildinni í vetur almennt?

Almennt gekk starfið vel í vetur. Upplifun starfsfólks á vetrinum í heild er nokkuð góð. Haustið var auðvitað strembið, nýtt hús fyrir börnin og fyrir flesta starfsmenn líka. En þar að auki byrjaði deildin starfið strax á Ævintýrum í staðinn fyrir að flytja yfir eftir nokkra daga og hafa tækifæri á að undirbúa deildina fyrir ný börn. Það tók nokkurn tíma að venjast þessu öllu. Það kom fljótlega í ljós að það er gríðarlegur munur á skipulagi á milli húsanna og má betur standa að flutningum.

Einnig kom deildarstjóri nýr í starfið og fékk litlar leiðbeiningar með því. Margt var því lært af öðrum og annað lærðist með tímanum. Sem betur fer hefur deildin ekki borið mikinn skaða af, allir koma inn í sumarið með hellings lærdóm eftir veturinn. Þó að það hafi tekið einhvern tíma að slípast saman bæði starfsmenn og börn þá horfum við núna til baka með gleði í hjarta yfir mörgum sigrum hjá börnunum. Þau hafa þroskast mjög mikið finnst okkur og orðið sterkari einstaklingar um leið.

Stærsta verkefni vetrarins er að vinna með fjöltyngi á deildinni. Við gerum okkar besta til að kenna börnunum sem eru af erlendum uppruna íslensku. Við erum að vinna með íslenskukennsluna daglega og notum mikið *Gefðu 10* með þessum börnum.



Við erum sex starfsmenn að vinna á deildinni og því vorum við sjaldan illa mönnuð (frí/veikindi). Þó hefur það áhrif á sérkennslu og gott að hafa það í huga. Einn af göllum við að vera margir á deild að vinna saman er að upplýsingaflæði getur verið hægt. Við höfum frá upphafi vanið okkur á Workplace/Workchat til allra samskipta er varða starfið á deildinni. Við höfum vanið okkur á að láta vita þar af alls kyns erindum er varða deildina og starfið þar. Samstarfið á deildinni gekk vel og starfsfólkið nokkuð samtaka í því sem verið var að gera.

Við höfum reynt að dreifa verkefnum milli starfsmanna og nýta styrkleika hvers og eins og það var yfirleitt mjög góður taktur í starfsmannahópnum. Árstíðabundin verkefni hafa gengið vel með barnahópnum og svo hafa ýmis verkefni sprottið upp út frá áhuga barnanna.

Við fögnum því að geta loksins, eftir Covid, farið í vettvangsferðir og heimsótt hina ýmsu staði. Við höfum unnið með Ævintýralundi og Ævintýradal og farið með þeim í nokkrar ferðir. Samstarfið við þær deildir hafa gengið mjög vel og ferðirnar verið mjög ánægjulegar og fjölbreyttar fyrir alla. Við höfum nú þegar farið í Húsdýragarðinn, Ársafn, Perluna, Ásmundarsafn og Árbæjarsafn. Við höfum farið í fámennum hópum og þannig tengst bæði börnum og starfsfólki á öðrum deildum enn betur. Mikil ánægja hefur verið með ferðirnar og ætlum við að halda samstarfinu áfram.

Það var gríðarleg ánægja hjá bæði börnum og starfsmönnum með afnot af fimleikasalnum í Fylki, Fylkissel. Zsuzsi íþróttakennari var alltaf búin að setja upp eitthvað nýtt og skemmtilegt í fimleikahúsinu. Börnin hlökkuðu alltaf til og þar fengu þau mikilvægan lærdóm bæði að fá að hreyfa sig í um 40 mínútur, en einnig með að vera kurteis, fara í göngutúr og spjalla við gamla fólkið sem var líka að fara í fimleika á sama tíma. Síðast en ekki síst var þetta frábært tækifæri til að æfa sig að passa fötin sín og klæða sig í og úr. Vonandi fáum við aftur afnot af Fylkisseli, það væri algjör draumur.

Félagsfærni æfðum við okkur í og vorum dugleg að minna hvort annað á. Kurteisi hefur líka verið stór þáttur í okkar lífi. Við höfum æft okkur í að segja Viltu... Má ég... og Takk fyrir. Þetta eru töfraorðin okkar sem öllu breyta. Læsi fléttaðist inni allt starfið okkar á fjölbreyttan hátt. Börnin eru flest orðin frekar áhugasöm um stafina og hljóðin þeirra.

Það eru börn á deildinni sem þurfa á markvissri málörvun að halda og hefur starfsfólk skipt dögum á milli sín og tekið að sér ólíka þætti málörvunar. Sumir kenna vísur, aðrir vinna með IPad verkefni og enn aðrir spila, lesa örsögur eða vinna með málörvunarverkefni. Þetta hefur virkað mjög vel hjá okkur. Að auki vinnum við alla daga með Gefðu 10 og gefum okkur tíma til að spjalla um daginn og veginn við þessi börn, auk þess sem er lesið daglega og samverustundir a.m.k. einu sinni á dag.

Hvaða lista/viðmið var notast við til þess að meta þroska barnanna fyrir foreldraviðtöl?(Form frá Rauðhóli, TRAS, EFI-2, hæfniramar)

Við notuðum eingöngu form frá Rauðhóli í afmælisvitölum á þessu ári. Þar sem grunur var um einhvers konar vanda voru notaðir listar/viðmið eins og t.d. APES eða TRAS. Þetta var til að styðja tilvísanir. Það reyndar stendur til að nota TRAS á öll börnin núna í maí og aftur í haust Hæfniramma í íslensku fyrir erlend börn erum við að vinna í núna í maí. Við munum svo gera aftur í október til að meta framfarir. Við kynntum okkur gátlista mennastefnu Reykjavíkurborgar í læsi.

Hvernig gekk að ræða markmið um þarfir/þroska barns í foreldraviðtölum í vetur?

Í vetur höfðum við það fyrirkomulag að bjóða uppá foreldraspjall að hausti og afmælisviðtal eftir áramót, þá nálægt afmælisdeginum þeirra. Mörg barnanna eru fædd seinnipart árs og því eiga þau eftir að fara í afmælisviðtölin í haust. Almennt gekk vel að ræða markmið, þarfir og þroska barnanna við foreldra og voru gátlistar leikskólans notaðir.

Aðeins um helmingur foreldra þáði viðtöl í haust, af og til hefur deildarstjóri boðið foreldrum að koma í stutt spjall ef foreldrum finnst það þurfa. Örfáir hafa beðið um spjall í kjölfarið. Deildin nýtti sér þjónustu talmeinafræðings.

4.2.6 Ævintýralundur börn fædd 2019

Barnahópurinn á Ævintýralundi saman stendur af 17 börnum fæddum 2019, 6 stúlkum og 11 drengjum. Þau eru yngstu börnin á Ævintýrum og fór haustið í að hjálpa þeim að aðlagast aðstæðum þar. Þegar við komum upp á Ævintýri í ágúst hafði enginn á deildinni verið þar árið áður, hvorki starfsfólk né börn. Deildarstjórinn hafði þó verið þar áður en kom ekki til vinnu fyrr en nokkru síðar og var þá fyrstu 2 mánuðina í aðeins 50 % starfi svo haustið var krefjandi. Deildin hefur farið upp og niður hvað varðar aga en við höfum fundið mikið fyrir því þar sem börnin eru aðeins 17 eru stöðugildin fá og stundum erfitt að manna daginn. Það hefur því oft reynst okkur erfitt að fylgja ákveðinni hegðun og einstaklingum eftir.

Lögð var mikil áhersla á sjálfshjálpinu og hafa verið miklar framfarir hjá börnunum. Öll hætt með bleiu og eru orðin nokkuð sjálfstæð í fataklefanum, einnig gengur sjálfstæði þeirra í matsalnum mjög vel. Við lögðum mikla áherslu á læsi og að efla þau í að koma fram fyrir hópnum í vetur.

Í vetur hefur gengið mjög vel í öllum árstíðabundnu verkefnum. Eftir áramót vorum við að vinna með þemað „Húsdýrin okkar“ þar sem unnið var með eitt ákveðið dýr í ákveðin tíma (ca. viku). Síðan fórum við með Ævintýradal og Ævintýrahól í litlum hópum á námskeiðið „Húsdýrin okkar“ í Fjölskyldu- og Húsdýragarðinum. Við höfum einnig farið í fleiri ferðir með þeim og hafa þær tekist mjög vel, börnin á Dal og Hól eru einu ári eldri en okkar. Við höfum farið á Bókasafnið í Árbæ, Leikfanga sýninguna á Árbæjarsafni og núna síðast á Ásmundarsafn.

Lagt var fyrir öll börnin á deildinni EFI-2 málþroskapróf í vetur. Allir foreldrar fengu foreldraspjall/viðtal í okt/nóv þar sem foreldrum var meðal annars kynnt útkoma úr EFI-2

málþroskaþrófi. Síðan voru afmælisviðtöl í mars – júní þar sem notast er við form Rauðhóls og matslista. Í haustviðtölunum var farið yfir þroska og þarfir barnanna með foreldrunum sem var svo endurmetið í afmælisviðtölunum.

4.2.7 Ævintýradalur börn fædd 2017 og 2018

Hugleiðingar fráfarandi deildarstjóra;

Starfið í vetur gekk yfir heildina vel. Það fennir þó aðeins of fljótt yfir því starfsmannahaldið varð þyngra. Við söknuðum þess mjög oft að fá ekki inn afleysingu og kom það aðallega niður á því sem við þurftum að gera extra. Mjög marga daga vorum við föst í því að láta hlutina bara ganga. Það er ekki nógu gott því að við vildum og viljum gera betur.

Við erum mjög heppin með okkar foreldrahóp og höfum náð að byggja upp gott traust frá upphafi. Barnahópurinn hefur verið nokkuð stöðugur og litlar breytingar hafa verið á honum. Eitt barn flutti út og annað kom í staðinn. Ramminn deildinni er nokkuð skýr og starfsfólk samstíga. Saman hjálpumst við að ná því besta fram í börnunum með því að ýta undir það jákvæða í fari þeirra. Á deildinni eru líka fjöltyngd börn sem við þurfum að vinna betur með í minni hópum. Glöð börn full af sjálfstrausti og félagslega sterk er alltaf markmiðið.

Foreldraviðtöl voru haldin og fengu allir boð um þau. Ekki nýttu sér allir boðið sem er miður. Það er nefnilega svo ótrúlega gott að setjast aðeins niður, líka þegar ekkert er að. Held að það væri betra að vera svolítið ágengur og ýta meira á foreldra að mæta í boðaða tíma. Í foreldraviðtölum voru form frá Rauðhól notuð ásamt hæfnirömmum þar sem það á við. Einnig var lagt Hljóm fyrir elsta árganginn. Viðtölin gengu mjög vel og foreldrar áhugasamir um líðan og framfarir barnanna ásamt starfinu á Rauðhól.

Hugleiðingar núverandi deildarstjóra:

Frá áramótum hefur starfið á deildinni gengið afbragðs vel, börnin eru ótrúlega dugleg í leik og starfi. Þau hafa sterkar skoðanir á verkefnum sínum og því sem þau vilja gera yfir daginn sem er frábært. Þau fá þann tíma sem þau þurfa í verkefni sín. Við höfum verið dugleg að vera með hópa inni og úti til þess að minnka áreitið inn á deild. 24 börn í ekki stærra rými en deildin er, er mjög mikið og því finnst okkur gott að bjóða upp á útiveru yfir allan daginn og minnka þannig áreitið á deildinni.

Foreldrasamtöl eftir áramót hafa ekki átt sér stað nema ef foreldrar hafi óskað eftir þeim. Við höfum haldið áfram eftir áramót að ýta á eftir þeirri hjálp sem nokkur börn þurfa og það er allt komið af stað.

Ég held við getum glöð unað eftir veturinn og markmiðið okkar um að börnin okkar séu glöð, full af sjálfstrausti og félagslega sterk hafi náðst þó svo við getum alltaf gert betur og meira og höldum við því áfram næsta vetur 😊

4.2.8 Ævintýraland börn fædd 2017

Hvernig gekk starfið á deildinni í vetur almennt?

Gekk almennt vel en starfsmannaekla vegna langtímaveikinda og orlofs hafði áhrif og mikill kraftur fór í það að láta dagana virka. Það vantaði meiri fagþekkingu inn á deildina, þó eru allt starfsfólk deildarinnar mjög hæft. Erfitt var fyrir deildina að fá inn afleysingar og koma því inn í flóknar aðstæður á deildinni en að vera undirmönnuð. Kannski ekki rétt metið þegar til lengri tíma er litið.

Samvinna starfsmanna var mjög góð. Allir fengu undirbúningstíma í hverri viku og vann fólk samviskusamlega að verkefnum sem snéru að deildinni. Stytting vinnuvikunnar var mikið álag í framkvæmd. Framkvæmdirnar í salnum höfðu áhrif með því móti að minna pláss var fyrir okkur að dreifa hópnum og einnig hafði hávaðinn og raskið áhrif á börnin. Deildarfundir voru því miður of fáir en við reyndum að hafa gott upplýsingaflæði okkar á milli dagsdaglega. Þeir fóru nær eingöngu fram á starfsmannafundum og starfsdögum. Deildarfundir fóru mikið í sömu málin. Verkefni milli heimila og skóla eins og Bókaormur og Lemmi Lemúrdýr gengu vel. Fleiri og fjölbreytileg verkefni voru unnin, mikið af læsisverkefnum og höfðu börnin mikinn áhuga á þeim. Verkefnið með Fylkisseli var algjörlega frábært. Mikill spenningur var að fara þangað og var þetta góð æfing í að fara á stað sem ekki er sjálfsagt að fara á. Einnig góð æfing í að passa upp á fötin sín og klæða sig í og úr. Þetta var einstaklega gott því eins og staðan er núna er enginn íþróttasalur hjá okkur vegna framkvæmdanna í eldhúsinu. Nýjung var í vetur að fara í Ævintýraferðir með Ingu Æ. Þá fór hópur barna með henni og einum kennara af deildinni og skoðuðu nærumhverfið okkar. Þetta fannst börnunum mjög skemmtilegt. Nokkrar ferðir voru farnar í vetur eins og td. í Hörpuna, Árbæjarsafn, Ásmundarsafn, Borgarleikhúsið og ferð á Borgarbókasafnið. Okkur var boðið í BíóParadís og við erum líka að fara í Þjóðleikhúsið. Samvinna milli okkar og Norðlingaskóla var því miður of lítil, lagðist það niður í covid. Erfiður vetur í öllum húsum á Rauðhól, vantaði viðveru yfirmanna á Ævintýri vegna álags annarsstaðar. Deildarstjórafundir voru nokkuð reglulega yfir veturinn.

Hvaða lista/viðmið var notast við til þess að meta þroska barnanna fyrir foreldraviðtöl? (Form frá Rauðhóli, TRAS, EFI-2, hæfniramar)

Tekin voru Hljóm próf á öllu börnunum og málþroskamat á nokkrum börnum. Fengin var þjónusta frá talmeinafræðingi. Sérkennslustjóri og deildastjóri fóru yfir niðurstöður með foreldrum þegar börn komu slök út og gáfu leiðbeiningar til að þjálfa hljóðkerfisvitund.

Hvernig gekk að ræða markmið um þarfir/þroska barns í foreldraviðtölum í vetur?

Engin almenn foreldraviðtöl voru tekin nema ef foreldrar óskuðu eftir því. Þó var boðið upp á spjall í haust og nokkrir foreldrar nýttu sér það. Einnig var sérkennslustjóri með viðtöl Útskriftarviðtöl voru svo í maí/júní þar sem foreldrar og barn koma saman og hitta kennara.

Hvernig gekk starfið á deildinni í vetur almennt? Almennt gekk starfið vel í vetur. Nokkuð var um veikindi og frí hjá starfsfólki og þá daga kom sjaldan afleysing inn á deild. Framkvæmdir í sal höfðu að einhverju leyti áhrif á starfið á deildinni þar sem rými til að dreifa börnunum var oft minna en undanfarna vetur. Það hefur oft verið hugsað í lausnum með ágætis árangri. Deildarfundir voru því miður allt of fáir, nánast eingöngu á starfsmannafundum og starfsdögum. Ástæðan er sú að veturinn einkenndist af fráveru starfsfólks í húsi þannig að erfitt reyndist að leysa deildina af. Af þessum sökum var upplýsingaflæðið og starfsemi deildarinnar ekki eins og okkar björtustu vonir voru að hausti. Samstarfið á deildinni gekk vel og starfsfólkið samtaka í því sem verið var að gera. Við höfum dreift verkefnum milli starfsmanna og nýtt styrkleika hvers og eins. Allir voru óhræddir við að velta upp umræðuefni og spurningum sín í milli og eiga samræður um það. Barnahópurinn er ólíkur og þarf að mæta einstaklingunum á mismunandi hátt. Okkur þykir vel hafa tekist að gera það. Þau hafa almennt verið hraust og mætt vel í leikskólann. Árstíðarbundin verkefni hafa gengið vel með barnahópnum og svo hafa ýmis verkefni sprottið upp út frá áhuga barnanna. Í einhverjum tilvikum notuðum við lýðræðislega kosningu um viðfangsefni sem við völdum að gera. Ánægjulegt var að vinna að víkingaverkefni sem kom í kjölfar þorrans þar sem allur barnahópurinn var virkilega áhugasamur og samhentur í að vinna að. Þau bjuggu til víkingaskip sem fékk að standa í 6 vikur og tók það sífellt breytingum. Í lokin var svo ferð í Þjóðminjasafnið sem var fræðandi og vakti mikla kátínu. Við fögnum því að geta loksins aftur eftir Covid farið í ferðir og heimsótt hina ýmsu staði. Einnig vorum við dugleg að nýta okkur nær umhverfið. Reglulegu hreyfistundirnar í Fylkisseli í vetur voru gott uppbrot í starfsemi deildarinnar. Börnin nutu sín vel í þeim og fengu mikla útrás fyrir hreyfingu. Einnig kynnst þau húsinu, að fara í fataklefa í tengslum við íþróttir og að fara eftir fyrir mælum. Við mælum með að þetta verði hluti af starfinu á Rauðhól. Félagsfærni æfðum við okkur mikið í og vorum dugleg að minna hvort annað á. Læsi fléttaðist inn í allt starfið okkar.

Hvaða lista/viðmið var notast við til þess að meta þroska barnanna fyrir foreldraviðtöl?(Form frá Rauðhóli, TRAS, EFI-2, hæfniramar)

Notast var við TRAS og APES og við kynntum okkur gátlista menntastefnu Reykjavíkurborgar í læsi.

Hvernig gekk að ræða markmið um þarfir/þroska barns í foreldraviðtölum í vetur?

Í vetur höfðum við það fyrirkomulag að hafa foreldraspjall að hausti og útskriftaviðtal að vori þar sem börnin koma með foreldrum sínum. Þó var tekið skýrt fram að ef foreldrar óskuðu eftir viðtali þá var það alltaf í boði og þáðu nokkrir foreldrar slíkt. Óskað var eftir meirihluta viðtalanna eftir að boð kom frá grunnskólunum um að innrita börnin í skólann fyrir næsta haust. Fengin var þjónusta talmeinafræðings ásamt fleiri fagaðilum. Almennt gekk vel að ræða markmið, þarfir og þroska barnanna við foreldra og voru gátlistar leikskólans notaðir.

4.2.9 Björnslundur innra mat 2022-2023

Hvernig gekk starfið á deildinni í vetur?

Í Björnslund koma næstum því öll börn leikskólans. Vaninn er að deildirnar 5 á Ævintýrunum séu í heila viku í senn og rúlla því á 5 vikna fresti, deildirnar á litunum hafa verið að koma staka daga. Í ár var örlítill breyting þar á vegna þess að stór hluti barna á Rauðu og Grænu deildum eru á sama aldri og börnin á Ævintýralundi og var hugmynd um að þessar þrjár deildir myndu koma með hópa í Björnslund sem síðan myndi blandast þar. Það kom þó ekki til þess þar sem erfitt var að manna starfsmannahóp með börnunum í Björnslund og á deildunum á sama tíma. Í staðinn komu Rauða og Græna deildin í heilu lagi í lundinn staka daga fyrir áramót. Eftir áramót kom ósk frá kennurum Gulu og Bláu að leyfa eldri börnum þeirra að koma í lundinn líka og því varð úr að Gula/Bláa, Rauða og Græna skiptust á að koma á mánudögum, þá þriðja hvern og því mæta deildirnar á Ævintýrunum í Björnslund frá þriðjudegi til föstudags. Deildin sem á vikuna í Björnslandi fer á Litina og borðar þar á mánudögum. Þessir mánudagar eru mjög strembnir dagar þó að það sé gaman þar sem húsið er útbúið með eldri börn í huga þá eru allir innviðir og leikefni miðuð við það.

Þar sem mygla fannst á einni deildinni og flytja þurfti börn á aðrar deildir strax við upphaf skólaársins var ákveðið að þau börn sem voru að fara í Norðlingaskóla og mættu aftur eftir sumarfrí myndu mæta beint út í Björnslund og væru þar alveg fram að skólasetningu. Í kjölfarið byrjuðu hinar deildirnar strax að rúlla út í lund (síðustu ár hefur deildarstjóri og fleiri starfsmenn notað einn til tvo daga eftir sumarlokun til að undirbúa, versla, skipuleggja, merkja og redda því sem þarf áður en vetrarstarfið hefst. En vegna fyrrgreinda aðstæðna þá náðist ekki að undirbúa Björnslund eins vel við hefðum viljað fyrir veturinn. Því má segja að haustið einkenndist af hlaupum og reddingum, ásamt því að mikil mannekla (frí, veikindi og styttingar) var á deildunum og því var hlaupið enn hraðar. Þetta var mjög strembin tími og litaðist starf Björnslandar nokkuð af þessu.

Starfið í Björnslandi gekk misjafnlega, eftir stemningu þeirrar deildar sem var í lundinum hverju sinni. Misjafnt var hversu upplögð starfsmenn og börn voru að koma í lundinn. Sumar deildir voru mikið úti og nýttu náttúruna til leiks og starfs, aðrar meira inni við í kósý og notalegheitum. Nokkuð var um verkefnavinnu en misjafnt út frá deildum, margar deildir höfðu spurt börnin áður en þau mættu hvað þeim langaði að gera í Björnslandi og var í öllum tilvikum reynt að koma til móts við þær óskir. Deildarstjóri beindi til allra að vinna út frá aðstæðum hverju sinni, til að mynda að vera ekki að fara með öll yngstu börnin út í einu, heldur fara með þau í litlum hópum en oft er freistandi að fara út með allan hópinn. Í upphafi skólaárs var starfsdagur þar sem starfsfólk fékk kennslu í að kveikja upp eld, tálga og kynningu á hinum ýmsu verkefnum sem er að finna í lundinum og hægt að taka með út til þess að nota með börnunum. Þó er gott að vita til þess að flest starfsfólk hefur jákvætt viðhorf til Björnslandar og finnst gott að koma þangað sem er stór partur að því að börnunum líði vel. Flestir tala um að það sé góð tilbreyting og friðsæld að skipta um umhverfi og koma í Björnslund.

Fyrir fjárupphæð sem við fengum í gegnum Menntastefnustyrk var á haustdögum reist lítið (ca. 12 fm) skýli. Okkur hefur lengi langað í afdrep sem snýr í suður þar sem hægt er að njóta yls frá sólinni, skjóls frá rigningu og roki, vinna verkefni, leika og njóta. Þarna bætist við mikil viðbót við starfið í skóginum, þar sem hægt verður að færa efnivið skógarins inn í skýlið vinna með það og fara svo aftur út að leika. Einnig nýtist skýlið vel hópum sem koma í göngu í skóginn, þar geta þau farið inn og drukkíð og hlýjað sér áður en haldið er af stað aftur. Á döfinni er að setja fellanlega bekki í skýlið og borð.

Deildarstjóri fékk rannsóknarstyrk frá Kennarasambandi Íslands og fjallar rannsóknin um útinám í öllum árstíðum. Þráðurinn er að skoða hvort og hvernig börn eru að nýta umhverfi skógarins til leiks og náms og hvernig við sem kennarar nýtum tækifærið og fræðum þau án þess að vera með beina kennslu. Til að mynda þegar börn taka upp „prik,, að spyrja þau hvað þetta er og þannig grípa boltann og fræða þau um að þetta prik var einu sinni grein á tré og þannig spinna áframhaldandi vinnu á meðan áhugi barnanna er, en með þessu vonast ég til að þau læri aðeins um náttúruna og finni hjá sér að bera virðingu fyrir henni. Síðasta ár hefur farið í upplýsingaröflun sem verður áframhaldið í vor og sumar og mun úrvinnslan síðan verða á næsta ári. Einnig er á dagskrá að útbúa kennslufni um það sem finna má í skóginum þannig að kennarar verði öruggari með að segja frá því sem þar er að finna.

Á foreldrafundum að hausti er Björnslundur og starfið sem þar fer fram kynnt fyrir foreldrum. Einnig hefur deildarstjóri útbúið upplýsingarblað um Björnslund fyrir foreldra sem deildarstjórar deildanna hafa sent út.

4.3 Innra mat sérkennslu

<p>Skipulagning sérkennslu 2023-2024 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Við í Rauðhól leggjum mikla áherslu á jöfn tækifæri fyrir alla og skipuleggjum við ávallt sérkennsluna með það í huga. Við viljum efla barnið sem einstakling og ýtum því undir styrkleika þess og nýtum áhugamálin í þjálfun. Sérkennslan er alltaf einstaklingsmiðuð og þurfum við þess vegna að vera sveigjanleg og lesa vel í einstaklinginn. Til að þetta gangi upp þurfum við virka teymisvinnu og vera opin fyrir nýjungum.</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>Almennt á öllum deildum er verið að innleiða TRAS og mun sá listi fylgja barninu alla leikskólagönguna. HLJÓM-2 og EFI-2 er nýtt fyrir þann aldur sem þeir listar meta og</p>

	Hæfniramma nýtum við með fjöltyngdum börnum. Fyrir sérkennslu notum við AEPS og atferlisþjálfunarlista frá RGR þegar við á.
Hvaða námsefni var notað? Vorur t.d. notuð aðkeypt námsgögn?	Sérkennslan fer að mestu leyti fram í gegnum leik og þjálfun í raunverulegum aðstæðum. Þau námsgögn sem voru aðkeypt þetta árið voru aðallega tengd málörvun eða einstaklingsmiðaðri sérkennslu.

Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Hefja notkun á ABLLS matlista. Nákvæm-ara matstæki en við notum núna.	Sækja námskeið hjá RGR. Kynna listann fyrir starfsfólki.	Sérkennslu- stjórar	Sept. 2023	Júní 2024	Tryggja að matlistinn sé nýttur með öllum sérkennslu- börnum sem þurfa á honum að halda. Regluleg eftirfylgni og endurmat.	Meiri þekking starfsfólks og foreldra á þörfum barnanna og stöðu þeirra.

4.4 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagninu hefur verið ráðstafað í kennsluefni sem nýtist fjöltyngdum börnum. Bækur, spil og annað málörvunarefni. Einnig höfum við bæði sótt okkur fræðslu og fengið til okkar reynslumikið fólk sem hélt kynningar fyrir starfsmannahópinn. Síðast var það leikskólastjóri Asparinnar sem hefur mikla reynslu í fjölmenningarlegu leikskólastarfi. Einnig nýttum við fjármagn í auka mönnun á deildir með fjöltyngdum börnum.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða	Daglega er unnið með gefðu 10, reglulegar



(grunnorðaförða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	málörvunarstundir og sér samveru fyrir fjöltyngd börn. Mikil áhersla er lögð á almenna málörvun í gegn um daginn og í raunverulegum aðstæðum. Orð sett á hluti og börnin spurð opinna spurninga. Þau börn sem eru fjöltyngd og með stuðningstíma eru með einstaklingsáætlun með markvissri málörvun og skýrum orðalista.
Er markvissst verið að dýpka orðaförða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaförða barna?	Í samverustundum er unnið markvissst að því að dýpka orðaförðann. Hópnun er oft skipt upp í minni hópa og bækur eða lög við þeirra hæfi fyrir valinu. Mikið notast við sjónrænan stuðning eins og lög með hreyfingum eða myndir með.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlunir eða annað?	Hæfniramar og einstaklingsáætlunir notuð sem málstæki. Reglulega rætt um markmið og stöðu barnanna á deildarfundum og ný markmið sett. Einnig er TRAS og EFI-2 nýtt yfir allan barnahópinn.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaförði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Hugað er að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna. Við náum að vinna með alla þessa þætti í tengslum við áhugamálin þeirra og styrkleika. Málörvun, tilfinningalæsi, félagsfærniþjálfun og æfingar í tjáningu, hlustun og sjálfshjálpi fara allar fram í gegnum leik og raunverulegum aðstæðum.

Umbótaáætlun – fjöltyngi 2022-2023

UMBÓTA-ÞÁTTUR/ MATS-ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir	Viðmið um árangur
	Markvissari málörvun og stuðning við fjöltyngdu börnin	Ný staða verkefnastjóra sem byrjar næsta haust mun sinna markvissri málörvun og	Sérkennslustjórar, verkefnastjóri fjöltyngis og Fjöltyngisteymi.	Sept 2023	Júní 2024	Hæfniramar og gátlistar.	Betri færni í íslensku.



	okkar.	einblína á fjöltyngdu börnin og aðlögun þeirra að íslensku málumhverfi					
--	--------	--	--	--	--	--	--

4.4.1.1 *Markmið haustið 2023 fyrir verkefnastjóra fjölmenningar í Rauðhól.*

- ❖ Byrja vinnu við móttökuáætlun Rauðhóls fyrir börn af erlendum uppruna
- ❖ Styðja við íslenskunám fjöltyngdra barna í Rauðhól og leggja áhersla á að innleiða hæfniramma á allar deildir Rauðhóls
- ❖ Leggja grunn að vinnu með fjöltyngd börn í smærri hópum til þess að styðja við íslenskunám þeirra í samvinnu við deildir
- ❖ Vinna að því að auka tengsl foreldra af erlendum uppruna við leikskólann og efla öryggi þeirra í samskiptum við starfsfólk
- ❖ Styrka og leiðbeina kennurum Rauðhóls til þess að mæta þörfum fjöltyngdra barna og auka samskipti við fjölskyldur þeirra
- ❖ Tryggja börnum og foreldrum góðar upplýsingar og stuðning til þess að börnin njóti þess að vera í leikskólanum

4.4.2 *Leiðsagnakennarar - endurmat veturinn 2022 – 2023*

- ❖ Leiðsagnarkennarar byrjuðu veturinn á að yfirfara starfsmannahandbókina
- ❖ Fólk er ánægt með að einhver geti sest niður með því og gefið því tíma í samtali
- ❖ Gott fyrir nýja fólkið okkar að setjast niður stuttu eftir að það byrjar. Við höfum fylgt eftir hvar allt er og heyrt líðan þeirra og hugsanir og upplýst um praktíska hluti m.a. hvar er hægt að finna allt um innra starfið og praktískar upplýsingar
- ❖ Leiðsagnarkennurum finnst erfitt að taka fólk út af deildum þegar það er tæpt á mannskap
- ❖ Við myndum vilja að fólk leiti til okkar að fyrra bragði og biðji um samtali. Fáir höfðu frumkvæði að samtali
- ❖ Við sjáum fyrir okkur að það verði innlegg fyrir allt starfsfólk á starfsdögum um hvern námsþátt fyrir sig t.d. ca. 30 mín um hvert og 2 námsþættir teknir fyrir í hvert sinn
- ❖ Mönnunarvandi var í húsunum í vetur þannig að oft kom fyrir að leiðsagnarkennarar voru að leysa af
- ❖ Við teljum að það er nauðsynlegt að halda þessu stöðugildi áfram
- ❖ Námskráin er mjög praktískt fyrir allt starfsfólk Rauðhóls og ekki síst nýja fólkið. Þar kemur fram allt um starfið okkar í einföldu og stuttu máli



5 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

5.1 Skólaárið 2022-2023

Starfsþróunarsamtöl:

Leikskólustjóri og aðstoðarleikskólustjóri tóku viðtöl við starfsfólk á vormánuðum á Litum og Ævintýrum þar sem rætt var m.a. um hvernig við metum starfsánægju okkar og líðan í starfi. Hvað við getum gert betur sem teymi/vinnustaður, hvaða leiðir eru til að vinna enn betur saman og hvað einkennir samskipti og samstarf milli starfsmanna og í starfshópnum.

Fræðsla:

Á skipulagsdegi í ágúst kom Aldís Arna Tryggvadóttir og var með erindi um samskipti og gildi vinnustaða. Eftir hádegi flutti Bára Kolbrún Gylfadóttir sálfræðingur erindi um einhverfu.

Á skipulagsdegi í október var haldið áfram vinnunni með Aldísi Örnú, síðan í ágúst, fyrir hádegi. Eftir hádegi fóru kennarar Ævintýra í útnámsfræðslu með MÚU (Miðstöð útivistar og útináms) þar sem kennt var að kveikja upp eld, tálga og ýmis verkefni kynnt sem hægt er að nýta sér. Kennarar Lita hlýddu á erindi Dr.Helgu Rutar Guðmundardóttir um áhrif tónlistar á þroska barna.

Í nóvember var Bára Kolbrún Gylfadóttir sálfræðingur með erindi um náttúrulega kennslu. Það var ein deild sem tók þátt í rannsókn þar sem aðferðinni var beitt. Eftir hádegi voru kynntar niðurstöður þróunarverkefnisins „Leikur að læsi í gegnum einingakubba“ Helsti ávinningur í vinnu við þróunarverkefnið er að starfsfólk varð almennt meðvitaðra um hlutverk sitt á einingakubba svæðinu og um það hversu stórt hlutverk það hefði í innlögn og stuðning varðandi málþroska barna á einingakubba svæðinu. Einnig kom fram að starfsfólkið er meðvitað um eða að hluta til hvernig þróunarverkefnið geti eflt námsumhverfi sem styður við málþroska, læsi og samskipti milli barna. Kristín Einarsdóttir kom og var með spjall um einingakubba, m.a. tiltekt og svaraði spurningum frá starfsfólki. Regnbogateymi Rauðhóls kynnti aðgerðaráætlun og að endingu sagði Magnea Arnardóttir frá meistaraverkefninu sínu “Þetta eru mjög mikilvæg ár” um mikilvægi stuðnings í leikskólum.

Í febrúar á skipulagsdegi var Dagbjört Svava Jónsdóttir með erindi um hlutverk kennara í flæði. Síðan komu Þóra Sæunn og Emilía Rafnsdóttir frá MML (Miðja máls og læsis) og fjölluðu um læsi. Deildir fóru í framhaldi af því í hópavinnu og kynntu að henni lokinni hvernig unnið er með læsi á hverri deild fyrir sig. Eftir hádegi var Íris Dögg Marteinsdóttir frá Elfur ráðgjöf með erindi um tengslamyndun barna. Hrefna Ólafsdóttir sérkennslustjóri kynnti hvernig unnið er með EFI-2, TRAS OG HLJÓM.

Í mars var gagnlegur fyrirlestur frá Samtökunum 78 um transbörn á starfsmannafundi.



Á skipulagsdögum í apríl var farið í námsferð til Porto í Portúgal sem tókst afar vel. Allt starfsfólk fékk kynningu frá menntamálayfirvöldum í borginni um uppbyggingu og áherslur menntakerfisins. Starfsfólki var síðan skipt upp í hópa þar sem farið var í skólaheimsóknir ýmist í borgarrekna eða einkaskóla. Merkilegt var að upplifa hvað stéttaskipting starfsfólks var áberandi, sem dæmi þá voru ófaglært starfsfólk klætt í sérstakar svuntur til að aðskilja það frá menntuðum kennurum. Það var algengt að veggir væru hvítir og tómir, ekki með listaverkum eftir börnin. Einkaskólunum svipaði meira til leikskólanna á Íslandi en þeim borgarreknu. Hér er dæmi um heimsókn í einkaskóla:

Við fengum mjög góðar móttökur hjá Brigit sem er yfir leikskóladeildinni. Skólinn er frá 3ja ára upp í framhaldsskóla og í honum er eingöngu töluð þýska. Brigit er yfir leikskóladeildinni en einnig er hún kennari á 25 barna deild með 2 hjálparstarfsmenn. Hún var búin að googla okkur og vissi að við hefðum fengið íslensku menntaverðlaunin og var mjög stolt af því að við skyldum vera að koma í heimsókn til hennar. Foreldrar geta komið með börnin 8-8:15/9-9:15 eða 10-10:15. Starfsfólk tekur á móti þeim við hliðið og fylgir börnunum inn á deild, vörður er við hliðið. Gjaldið fyrir dvölinu er 900 EUR á mánuði í 10 mánuði. Ef börnin geta ekki tekið sumarfrí í ágúst þegar ætlast er til að þau séu í fríi verða foreldrar að koma með vottorð frá vinnuveitanda um að þau geti ekki verið í fríi á þessum tíma.

Skólinn var mjög snyrtilegur og mikið útisvæði til staðar sem nýtist líka með grunnskólanum. Það var úti ræktunarsvæði sem þau nýta. Einnig hafa þau aðgang að stórum íþróttasal ásamt öðrum skólastigum. Efniviður var í hæð barnanna og aðdáunarvert að sjá öll spil og bækurnar sem börnin hafa aðgang að. Allur efniviður var greinilega gamall en vel með farinn. Skólabúningar eru í þessum leikskóla, bolir og hettupeysur. Þau nota hettupeysurnar ef þau fara út fyrir skólalóðina en annars er það val. Þau nota oft áhugasvið barnanna og vinna með námsþættina út frá því. Upplifun okkar var að starfið væri að einhverju leyti líkt okkar starfi.



Starfsfólk í námi skólaárið 2022 – 2023.

- Fjórir starfsmenn eru í meistaranámi í leikskólakennarafræðum
- Tveir starfsmenn eru í B.Ed. í leikskólakennarafræðum
- Einn starfsmaður er í B.A. í sálfræði
- Einn starfsmaður stundar nám í Garðyrkjuskólanum að Reykjum
- Einn starfsmaður lauk grunnnámi í Karma- og Jógaskólanum
- Einn starfsmaður er í leikskólaliðanámi
- Einn starfsmaður er í gítarnámi í tónlistarskóla FÍH

Námskeið

- Einn starfsmaður sótti námskeiðið Árangursrík samskipti hjá Endurmenntun.
- Einn starfsmaður sat starfsdaga Þroskaþjálfafélags Íslands sem bar yfirskriftina Þroskaþjálfinn – fagmaðurinn og ég.
- Einn starfsmaður sat vörðstefnu Ráðgjafar og greiningarstöðvar ríkisins og hélt kynningar á meistaraverkefni sínu víða, m.a. fyrir sérkennslustjóra í Kópavogi.
- Einn starfsmaður sótti námskeið um þarfir barna sem eiga tvö heimili
- Einn starfsmaður sótti námskeið í notkun PECS
- Tveir starfsmenn sóttu námskeið á notkun TRAS – Málþroskaskimun
- Tveir starfsmenn sóttu afmælisráðstefnu RannUng sem sneri að fjöltyngi
- Tveir starfsmenn fóru á námskeið í EFI-2 Málþroskaskimun fyrir börn á fjórða ári
- Tveir starfsmenn fóru á leiðbeinendanámskeið Uppeldi sem virkar, færni til framtíðar
- Tveir starfsmenn sóttu viðbótarnámskeið Uppeldi sem virkar, færni til framtíðar
- Allt starfsfólk á Rauðu deild fékk námskeið um náttúrulega kennslu frá Báru Kolbrúnu Gylfadóttir sálfræðing á Austurmiðstöð á deildarfundi
- Einn starfsmaður sótti námskeið í Atferlisihlutun á vegum Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins
- Fjórir starfsmenn fóru á námskeið hjá Endurmenntun HÍ um tengslavanda barna
- Einn starfsmaður sótti ráðstefna hjá Play Iceland um kennsluefni fyrir útlendinga
- Einn starfsmaður fór á gönguskíðanámskeið (það eru gönguskíði í Björnslundi)
- Einn starfsmaður fór á námskeiðið Mamma og Muni, þroskasaga foreldris og barns hjá KVAN
- Sex starfsmenn sóttu morgunverðarfund RannUng ásamt vinnustofu um hæglátt leikskólastarf

6 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf Rauðhóls og Norðlingaskóla hefur þróast jafnt og þétt í gegnum árin og er kominn fastur grunnur að því samstarfi. Samvinna er á milli elsta árgangs leikskólans og yngsta árgangs grunnskólans með það að markmiði að kynna umhverfi grunnskólans fyrir leikskólabörnunum. Innangengt er á milli Ævintýra og Norðlingaskóla og teljum við að það sé ávinningur fyrir börnin. Þau aðlagast betur umhverfi grunnskólans og því verður flutningur á milli skólastiga auðveldari. Samstarfið fer meðal annars fram í smiðjum að vori þar sem fyrsta bekk grunnskólans er boðið yfir í leikskólann og elstu börnin okkar fara í heimsókn í grunnskólann. Í smiðjum tökum við fyrir ákveðin verkefni eða þemu, t.d. um húsdýrin, og unnið er á mörgum stöðvum. Sem dæmi má nefna íþróttasal Norðlingaskóla, Björnslund, frístundaheimilið Klapparholt og leik- og kennslustofur Rauðhóls og Norðlingaskóla. Börnunum er skipt upp í smærri hópa og er einn kennari frá hvorum skóla sem halda sameiginlega utan um hvern hóp. Sú hefð hefur skapast að þessir árgangar hittist einnig einn dag í desember og vinni saman verkefni tengd jólnum eins og t.d. að spila, föndra og fara í gönguferðir

Nálægð Ævintýra og Norðlingaskóla ýtir undir frekari samvinnu þar sem stutt er að fara á milli. Má þar nefna sýningar á vegum nemenda grunnskólans, nýting á íþróttahúsi, heimsóknir á bókasafn skólans ásamt því að fara út á skólalóð. Einnig koma nemendur af miðstigi í leikskólann og lesa fyrir börnin á degi íslenskrar tungu. Í nokkur ár hefur verið samstarf milli Rauðhóls og unglíngastígs Norðlingaskóla þar sem Leikskólaval hefur verið í boði fyrir 8.-10. bekk. Leikskólinn tekur þá á mótí allt að 10 nemendum unglíngastígs í alls 16 tíma yfir önnina og hefur þetta fyrirkomulag gefist vel.

Skilafundir eru að vori þar sem deildarstjórar hitta umsjónarkennara, sérkennara og forstöðumann frístundaheimilis og farið er yfir barnahópinn. Þær upplýsingar sem fylgja eru niðurstöður úr HLJÓM-2 prófum og farið er yfir helstu styrkleika, vinatengsl og þá þætti sem þarf að vinna sérstaklega með. Kennarar Norðlingaskóla hafa leitað ráða hjá leikskólakennurum og stuðningsaðilum að hausti til þess að geta stutt betur við nemendur í upphafi grunnskólagöngu.

Samstarf milli Rauðhóls og Norðlingaskóla lá niðri í Covid faraldrinum og hefur því miður ekki náð sér á strik. Í vetur voru engar smiðjur og heimsóknir frá nemendum Norðlingaskóla í lágmarki. Nemendur Ævintýra nýttu sér íþróttasal Norðlingaskóla þegar kostur var á. Skilafundir voru á vormánuðum og nokkrir verða í haust. Fullur vilji er á að endurnýja samstarfið og stendur það til næsta vetur.



7 Foreldrasamvinna

7.1 Foreldrafélag skólaárið 2022 – 2023

Starfsemi foreldrafélagsins lá niðri í Covid faraldrinum og greiddu foreldrar ekki í sjóð félagsins og því lítið aflögu fyrir viðburði. Foreldrafélagið hélt aðalfund í nóvember þar sem var kjörinn nýr formaður ásamt gjaldkera. Félagið stóð fyrir jólatrésleit í Björnslundi fyrir jólin ásamt heimsókn jólasveins fyrir jólaball barnanna. Aðrir viðburðir á vegum félagsins voru ekki á skólaárinu.

7.2 Foreldraráð skólaárið 2022-2024

Bergþóra Gná H. Gordon

Helgi Már Hrafnkelsson

Klara Bjartmarz

Magnús Árnason

Lykillinn að vellíðan barna í leikskólanum er farsælt og gott samstarf milli kennara og foreldra. Grunnurinn að þessu samstarfi er lagður með heimsókn til barnanna. Áður en barnið byrjar í leikskólanum fara tveir kennarar saman til að mynda fyrstu tengsl við fjölskylduna á þeirra heimavelli. Með því teljum við að við myndum dýpri og betri tengsl við barnið og foreldrana. Í þessari heimsókn er farið með pappíra til útfyllingar sem eru skildir eftir hjá foreldrum og þeim er skilað í upphafi aðlögunar. Þarna eru meðal annars almennar upplýsingar um barnið, samþykki fyrir myndbirtingum af barninu og samþykki fyrir samstarfi milli leikskóla og heilsugæslu. Einnig er aðlögunaráætlun skilin eftir hjá foreldrum.

Í upphafi skólagöngunnar eru foreldrum veittar upplýsingar um að við störfum samkvæmt aðalnámskrá leikskóla, ásamt skólanámskrá Rauðhóls og starfsáætlun sem er aðgengileg á heimasíðu skólans.

Áhersla er lögð á að gefa foreldrum tíma og hlusta vel á hvað þeir hafa fram að færa ásamt því að við veitum þeim ráð oftár en sjaldnar. Mikilvægt er að við berum virðingu fyrir stöðu allra foreldra. Eins að foreldrar séu upplýstir um að virðing sé borin fyrir öllum í skólanum og þeirra aðstandendum og mikilvægt sé að þeir geri það einnig.

Allt upplýsingaflæði til foreldra er mikilvægur þáttur í foreldrasamstarfi. Að senda glaðlega og innihaldsríka tölvupósta er þar stór þáttur ásamt því að foreldrar fái að skyggast inn í daglegt líf í skólanum. Það er gert með því að senda myndir frá daglegu starfi. Einnig að tími sé vel nýttur þegar verið er að koma með og sækja börnin með því að segja frá einhverjum skemmtilegum atvikum. Eins þarf að komast að samkomulagi við foreldra um hvernig best fari á því að flytja upplýsingar.

Á aðlögunartímabilinu bjóða leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjórar uppá nokkra fámenna fundi með foreldrum þar sem fram fer létt spjall um leikskólastarfið. Árgangafundir að hausti eru einnig mikilvægur þáttur í foreldrasamstarfi. Þar er rætt um áherslur í starfi og helstu viðburði skólaársins. Ef upp kemur óánægja hjá foreldrum varðandi eitthvað sem tengist skólanum eða þeirra barni er mikilvægt að setjast strax niður með þeim og leysa úr málunum og fylgja þeim eftir.

Einu sinni á ári er boðið upp á foreldrasamtal þar sem farið er yfir líðan og almennan þroska barnsins. Í því samtali er stuðst við sömu viðmið og innan heilsugæslunnar. Einnig gefst foreldrum kostur á að koma með athugasemdir eða óskir. Þess á milli er kallað á foreldra í samtali þegar þurfa þykir og geta foreldrar líka óskað eftir samtali hvenær sem er.

Útskriftarviðtal fer fram að vori hjá fimm ára börnum ásamt foreldrum. Fyrir viðtalið eru kennari og barn búin að setjast niður og spjalla saman og undirbúa sig fyrir viðtalið. Í viðtalinu er farið yfir hvernig barninu líður í leikskólanum, vinatengsl, hvað því finnst skemmtilegt að gera og hvort eitthvað vanti. Það er hlustað á raddir barnanna í þessum viðtölum og reynt eftir bestu getu að koma til móts við óskir þeirra. Dæmi um útskriftarviðtal frá þessu vori:

- *Hvernig líður þér í leikskólanum? Vel, oftast, stundum illa.*
- *Hverjir eru vinir þínir í leikskólanum? Tómas*
- *Hvað finnst þér skemmtilegast að gera á Ævintýraeyju? Byggja úr einingakubbum, búa til kúlubraut úr þeim.*
- *Hvað finnst þér leiðinlegt í leikskólanum? Plúskubbornir og að skoða sumar bækur.*
- *Hvernig getum við kennarar gert leikskólann skemmtilegri? Fleiri holukubba og mjúka kubba.*
- *Hvar finnst þér skemmtilegast að vera á Rauðhól (Útivera, Ævintýri, Litir, Björnslundur, inni á deild, ævintýraferð)? Í útiveru með Kára Stein.*
- *Hvernig líður þér að vera að byrja í skóla? Vel, spenntur.*
- *Hvað gerir þú í nýja skólanum? Læra og líka gera eitthvað skemmtilegt, lita.*
- *Finnst þér vanta eitthvað í leikskólann? Nei, meira búningadót.*
- *Hvað hefurðu lært hérna á Rauðhól? Föndra, búa til leðurblökur.*
- *Hverju ertu stoltur af núna þegar þú ert að hætta? Að útskrifast.*



8 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Vinna á skipulagsdögum og starfsmannafundum mun taka mið af þáttum umbótaáætlunar ásamt verkefnum sem skipa munu stóran sess í daglegu starfi. Má þar nefna:

Skipulagsdagar kennara skólaárið 2023 - 2024 eru eftirfarandi:

Haustönn 2023

21.ágúst – mánudagur – kubbaráðstefna

27.september – miðvikudagur

24.nóvember - föstudagur

Vorönn 2024

6.febrúar – þriðjudagur – dagur leikskólans

26.apríl – föstudagur – námsferð innanlands

17.maí - föstudagur

Starfsmannafundir skólaárið 2023 – 2024 eru eftirfarandi:

23.október – mánudagur

22.janúar – mánudagur

6.mars – miðvikudagur

6.júní – fimmtudagur

Sumarlokun 2024 verður frá 15 júlí – 12 ágúst.

9 Fylgigögn

9.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning

Fylgiskjal 3

